

Teiknistofa arkitekta, Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf.,

Kaupangi við Mýrarveg,

600 Akureyri.

25. ágúst 2013

Efni: Athugasemdir við auglýsta tillögu að svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024

Auglýst hefur verið eftir athugasemdum við tillögu að Svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024 ásamt umhverfisskýrslu, í samræmi við ákvæði 24. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með athugasemdafresti til 30. ágúst 2013.

Eftirfarandi athugasemdir/ábendingum er hérmeð komið á framfæri.

1. Í myndatexta með myndum 12.1. og 12.2 á bls. 68 og 69 og í heimildaskrá á bls. 77 í forsenduhefti er vísað til kerfisáætlunar Landsnets 2011-2015. *Bent er á að fyrirtækið gefur út áætlun árlega og hefur því gefið út tvær áætlanir síðan. Sú nýjasta er kerfisáætlun 2013-2017 og var hún birt á heimasíðu fyrirtækisins í apríl 2013. Eðlilegt væri vísa til nýjustu áætlana fyrirtækisins á hverjum tíma.*
2. Réttilega sagt á bls. 68 í kafla 12.1.2 að kerfisáætlun Landsnets hafi ekki vægi reglugerðar eða skipulags heldur sé verkáætlun fyrirtækis sbr. 9. gr. raforkulaga. *Bent er á að með úrskurði umhverfis- og auðlindaráðherra frá maí 2013 var kveðið upp úr um að kerfisáætlun Landsnets skuli sæta umhverfismati áætlana skv. lögum nr. 105/2006*
<http://www.urskurdir.is/Umhverfis/UrskurdirRaduneytisins/2013/05/21/nr/5970> *Rétt er að geta þessa úrskurðar í forsendum svæðisskipulags og jafnframt þeirrar staðreyndar að kerfisáætlun Landsnets hafi enn ekki sætt lögbundnu umhverfismati.*
3. Á bls. 69 í forsenduhefti segir: „Helsta viðfangsefni næstu ára innan svæðisins verður að auka flutningsgetu að aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri. Ný flutningslína raforku frá Blöndu er forsenda þessa að hægt sé að auka flutningsgetu raforkunnar. Orkuþörf verksmiðjunnar verður u.þ.b. fimm sinnum meiri en það rafmagn sem Eyjafjarðarsvæðið notar árlega.“ *Í fyrsta lagi er bent á óljóst orðalag þar sem talað er um orkuþörf Becromal verksmiðjunnar og hve margföld hún verði miðað við Eyjafjarðarsvæðið. Betur færi á því að greina frá því hvaða forsendur er hér verið að vísa í, þar með talið hve mikil hin meinta aukna orkuþörf umræddrar verksmiðju er. Í öðru lagi liggur ekkert fyrir um stækkun verksmiðjunnar og þar með aukna orkuþörf. Þvert á móti hefur verksmiðjan verið keyrð á broti afkasta um langt skeið, þar sem meiri markaður er ekki fyrir framleiðsluvörur hennar. Hefur hvergi komið fram nýlega svo vitað sé að ætlunin sé að stækka verksmiðjuna, þó það hafi vissulega verið hugmyndin í upphafi, eða kringum 2008 og fréttir voru þá um að þáverandi eigendur*

fyrirtækisins hefðu gert e.k. samkomulag við Landsvirkjun um hugsanlega aukningu á raforku ef af stækkun yrði. Af henni hefur ekki orðið. Landsvirkjun getur upplýst um hvort í sjónmáli er aukið sala raforku til verksmiðjunnar eða ekki. Er almennt ástæða til að greina betur frá forsendum þeirra fullyrðinga sem fram koma í tilvitnuðum texta, þar sem þær virðast ekki studdar traustum eða uppfærðum heimildum.

4. Vísað er til uppdráttar á mynd 13.1 á bls. 76. Uppdrátturinn er rangur að því leyti að náttúruminjasvæði nr. 505 er ranglega dregið upp, en Hólahóla vantar inná svæðið eins og það er teiknað, það er svæðið austan Öxnadalsár. Rétt er að teikna svæðið upp í samræmi við texta náttúruminjaskrárinnar. Leita má upplýsinga hjá starfsmönnum Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands um þetta atriði.
5. Í myndaskrá á bl. 79 í forsenduhefti er vísað til síðustu myndarinnar í skránni sem myndar 15.1. Bent er á að rétt tilvísun er 13.1.
6. Tillaga að svæðisskipulagi setur fram markmið um flutningsleiðir raforku í kafla 3.4.4 á bls. 14. Tillagan og rökstuðningur hennar er til fyrirmyndar en í henni felst skýrt afmörkuð afstaða. Við hana mætti þó bæta að ekki séu forsendur til að taka afstöðu til þeirra flutningsmannvirkja sem kerfisáætlun Landsnets getur um, fyrr en sú áætlun hafi sætt umhverfismati áætlana lögum samkvæmt, í samræmi við úrskurð ráðherra frá maí 2013 sem að ofan er getið.
7. Á bls. 19 í umhverfisskýrslu er í kafla 4.4.1. fullyrt að umhverfisáhrif nýrrar flutningslínu raforku (Blöndulínu 3) hafi verið metin. Þetta orðalag er ekki allskostar nákvæmt, enda á skv. ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 29. janúar 2013 algerlega eftir að meta umfangsmikla efnistöku (a.m.k. hálf milljón tonna) sem nauðsynleg yrði vegna framkvæmdarinnar og er hluti hennar (fyrir plön undir möstur og v. línuvega) <http://www.skipulagsstofnun.is/media/attachments/Umhverfismat/928/201112007.pdf> Þá hafa yfir 100 km línuvegir er framkvæmdinni myndu fylgja ekki verið umhverfismetnir (m.a. ásýnd) og er það mál til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA. Rétt væri að geta hvorutveggja í umhverfisskýrslu svæðisskipulagsins auk þess sem nefna má að til meðferðar er hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála krafa um að meta sameiginlega umhverfisáhrif þeirra kafla hringtengingar raforkukerfisins á 220kV sem kynntir hafa verið; það er Blöndulínu 3, Kröflulínu 3 og línu frá Akureyri til Kröflu, sem kölluð hefur verið Hólasandslína 3. Nokkuð stendur því útaf hvað varðar umhverfismat framkvæmdarinnar sem vísað er til, auk þess sem að framan getur, um að kerfisáætlunin sem um meginflutningskerfið fjallar, og er grundvöllur framkvæmdanna, hefur enn ekki verið umhverfismetin, þrátt fyrir að ráðherra hafi úrskurðað um lagaskyldu til þess í maí sl.

Undirrituð veitir fúslega allar frekari upplýsingar um ofangreint, verði eftir því leitað.

Virðingarfyllt,

Sif Konráðsdóttir, lögfræðingur

Avenue des Villas 55a

1060 Saint Gilles

Belgía

Sími 00 32 491 863262

sif.konradsdottir@gmail.com